

LOK ÁRS 2024 OG UPPHAF ÁRS 2025 Í GARÐASKÓLA

Fimmtudagur 19. desember

Læsisdagur

Allir nemendur eru í skólanum frá 8:10 til 13:30 þar sem þau flakka á milli stöðva og vinna ýmis verkefni tengd læsi í víðum skilningi. Auk þess hlýða allir nemendur í 10. bekk fyrirlestur frá Þorgrími Þráinssyni sem ber heitið „Verum ástfangin af lífinu“.



Föstudagur 20. desember

Litlu jólin

8. bekkur Mæting til umsjónarkennara kl. 9:00 þar sem tekur við dagskrá í klukkutíma. Eftir það tekur við kakóstund og jólaball í hálf tíma. Dagskrá er lokið 10:30.
9. bekkur Mæting til umsjónarkennara kl. 9:30 þar sem tekur við dagskrá í klukkutíma. Eftir það tekur við kakóstund og jólaball í hálf tíma. Dagskrá er lokið 11:00.
10. bekkur Mæting til umsjónarkennara kl. 10:00 þar sem tekur við dagskrá í klukkutíma. Eftir það tekur við kakóstund og jólaball í hálf tíma. Dagskrá er lokið 11:30.

Föstudagur 3. janúar

Heilsueflingardagur – andleg heilsa

8. bekkur Mæting í Gryfjuna kl. 12:45. Þar hlýða nemendur á fyrirlesturinn „Algóritminn sem elur mig upp“.
9. bekkur Mæting í Gryfjuna kl. 13:45. Þar hlýða nemendur á fyrirlesturinn „Algóritminn sem elur mig upp“.
10. bekkur Mæting í Gryfjuna kl. 14:45. Þar hlýða nemendur á fyrirlesturinn „Algóritminn sem elur mig upp“.

Algóritminn sem elur mig upp

Hvers virði eru upplýsingarnar um okkur og hvað greiðum við fyrir aðgang okkar að samfélagsmiðlum? Skúli B. Geirdal fjölmiðlafræðingur og verkefnastjóri hjá Fjölmiðlanefnd fer hér yfir mikilvægi þess að vera læs á upplýsingar og miðla í nútíma samfélagi. Fjölmiðlalæsi, auglýsingalæsi, gervigreindarlæsi, myndlæsi o.fl. Hvernig virka algóritmar samfélagsmiðlanna og með hvaða hætti hefur tæknin áhrif á okkar daglega líf og líðan? Hvað þarf að hafa í huga varðandi samskipti á netinu, áreitni frá ókunnugum og deilingu mynda? Markmiðið með fræðslunni er að valdefla nemendur í taka stjórn á eigin skjánotkun og kenna þeim leiðir til að nýta tæknin á betri hátt. Erindið byggir á niðurstöðum rannsóknar Fjölmiðlanefndar og Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands um börn og netmiðla. fjölmiðlafræðings og starfsmanns SAFT.